

Punkturinn 3.tbl. 2010 - Fréttabréf um skattamál

Lögaðilar og einstaklingar í rekstri geta frestað skattskuldum til 1.júlí 2011 og greitt þær síðan vaxtalaust til fimm ára

Lög nr. 24/2010 um greiðsluþpþgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í rekstri

Við hrun íslenska efnahagskerfisins voru margir sem ekki gátu staðið í skilum með skattskuldir sínar. Ríkisvaldið hefur brugðist við með setningu laga sem heimilar frestun skattskulda sem mynduðust fyrir 1. janúar 2010. Heimilt er að greiða skuldirnar á fimm árum, en skuldin ber ekki vexti. Skuldin verður fryst fram til 1. júlí 2011 en frá þeim tíma mun skuldin einungis verðtryggð. Þessi heimild varðar skuldir á virðisaukaskatti, staðgreiðslu skatta, tryggingargjaldi og þing- og sveitarsjóðsgjöldum. Skilyrt er að skuldin hafi fallið til fyrir 1. janúar 2010 og að viðkomandi rekstraraðili sé skuldlaus eftir þann tíma. Þeir einstaklingar geta einir sótt um sem hafa eigin rekstur sem aðalstarf og hafa a.m.k. 1.400.000 kr. í árstekjur og skila inn virðisaukaskatti á tveggja mánaða fresti. Allir lögaðilar eru taldir falla undir þessa skilgreiningu. Beiðni um frestun skal beint til Tollstjórans í Reykjavík, án tillits til heimilisfesti viðkomandi rekstraraðila. Fullnustugerðir sem eru hafnar vegna skattskulda og falla undir heimildina skal afturkalla eða fresta. Þannig á að koma til móts við þá sem hafa lífvænleg fyrirtæki og rekstur á sínum snærum, en hafa lent í tímabundnum erfiðleikum.

Ef umsækjandi heldur þau skilyrði sem sett eru í lögnum fær hann skuldabréf, vaxtalaust til fimm ára og færast þá skuldirnar úr skattskuldum kröfum í almennar kröfu.

Það fylgir mikil ábyrgð að vera í rekstri og með þessu er verið að koma í veg fyrir að menn lendi í frekari vanskilum, en þess má geta að ef virðisaukaskatti og staðgreiðslu skatta er ekki skilað getur stjórn og/eða framkvæmdastjóri orðið ábyrgir vegna vanskila á slíkum sköttum.

Fyrirtæki verða að vera á varðbergi til að gæta hagsmuna sinna í málum gegn stjórnvaldi - rökstuðningur stjórnvalds nauðsynlegur

Stjórnvald verður að rökstyðja mál sitt - Úrskurður yfirskattanefndar nr. 64/2010

Í nýlegum úrskurði yfirskattanefndar var enn einu sinni staðfest sú meginregla að stjórnvald verður að rökstyðja mál sitt af kostgæfni. Er hér bent á þetta vegna þess að búast má við að aukið álag verði á stjórnsýsluna vegna ýmissa mála er varða samskipti stjórnvalda og fyrirtækja eða einstaklinga geti leitt til þess að freistandi sé að draga úr rökstuðningi til að geta afgreitt fleiri mál. Í úrskurði nr. 64/2010 mótmælti kærandi ákvörðun ársreikningaskrár, en ársreikningaskrá gerði félaginu sekt vegna meintrar vanrækslu á að skila ársreikningi til opinberra birtingar. Kom fram að ársreikningaskrá bæri að rökstyðja sektarákvarðanir sínar, enda væri um að ræða ákvörðun stjórnvaldssektar, þ.e. refsikennndra viðurlaga, og því sérstök þörf á rökstuðningi og vandaðri málsmeðferð að öðru leyti. Af gögnum málsins var ekki séð að hin umdeilda ákvörðun ársreikningaskrár um að leggja á kæranda fésekt hefði verið kynnt kæranda eða að ákvörðun eða úrskurði ársreikningaskrár þar að lútandi hefði verið beint til félagsins. Þar sem hin kærða ákvörðun ársreikningaskrár var ekki talin uppfylla þær kröfur sem gera verði til forms og efnis slíkra stjórnvaldsákvæðana og rökstuðningur ársreikningaskrár fyrir sektarákvörðuninni var ekki talinn uppfylla lagakröfur um rökstuðning var fésektarákvörðun ársreikningaskrár felld úr gildi.

Ný lög nr. 92/2010 um breytingu á tekjuskattslögum nr. 90/2003, um ívilnanir vegna endurbóta og viðhalds á húsnæði til eigin nota

Nýlega voru samþykkt lög frá Alþingi þar sem við tekjuskattslög bættist bráðabirgðaákvæði um ívilnun vegna endurbóta og viðhalds. Áfram er því haldið á þeirri leið stjórnvalda að auka ívilnanir fyrir þá sem vilja fara í endurbætur á eigin húsnæði. Ívilnunin felst í því að heimilt verður að draga frá kostnað sem unninn er vegna endurbóta, en áður höfðu stjórnvöld heimilað frádrátt vegna virðisaukaskatts fyrir sömu vinnu. Þannig verður heimilt að draga fjárhæð sem greidd er fyrir vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði til eigin nota eða til útleigu utan atvinnurekstrar á grundvelli framlagðra reikninga.

Þessar aðgerðir geta lækkað skattgreiðslur einstaklinga um 92 þúsund krónur og hjóna og samskattaðra um 135 þúsund krónur. Í greinagerðinni sem fylgdi frumvarpinu segir til skýringar: „Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar er með frumvarpinu lagt til að mönnum verði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni greidd vinnulaun vegna endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði til eigin nota á grundvelli framlagðra reikninga. Frádrátturinn getur aldrei orðið hærri en 50% af því sem greitt er fyrir vinnuna og að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi eða 300.000 kr. hjá hjónum eða sambúðarfólki.“

Allir vinna - ívilnanir vegna endurbóta á eigin húsnæði

Á öðrum stað segir síðan: „Sem dæmi má taka að sé reikningur fyrir vinnu að meðtöldum virðisaukaskatti 500.000 kr. endurgreiðast um 100.000 kr. sem virðisaukaskattur. Helmingur þess sem eftir er eða 200.000 kr. kæmi til frádráttar frá tekjuskattstofni og getur leitt til lækkunar á tekjuskatti og útsvari um allt að 92.600 kr. Hámark þessarar ívilnunar hjá einhleypingi verður um 90.000 kr. og um 135.000 kr. hjá hjónum.“

Frádrátturinn tekur til þeirra endurbóta sem unnin eru á árunum 2010 og 2011.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 372/2010 um kyrrsetningu eigna Kyrrsetning eigna vegna skattskulda nær ekki til virðisaukaskatts

Í nýlegum dómi Hæstaréttar Íslands var staðfestur úrskurður héraðsdóms að kyrrsetningarheimild væri ekki til staðar vegna skuldar á virðisaukaskatti. Málið varðaði hvort ákvörðun sýslumanns um kröfu Tollstjórans um kyrrsetningu eigna næði fram að ganga og væri í samræmi við 113. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 23/2010, en í þeirri grein er ekki minnst á aðra refsiverða háttsemi en þá sem varða við brot á tekjuskattslögum.

Hæstiréttur staðfesti að orðalag ákvæðis 113. gr. tekjuskattslaga næði ekki til kyrrsetningar vegna brota á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og að ekki væri nægjanleg heimild til kyrrsetningar að vísa til 5. mgr. 49. gr. virðisaukaskattslaga, en í dómi Hæstaréttar segir um framangreint:

Með lögum nr. 23/2010 var bætt við 113. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt heimild til „að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að ...“. Í tilvitnaðri 109. gr. laga nr. 90/2003 er að finna heimild til refsingar sé brotið gegn ákvæðum þeirra laga. Samsvarandi ákvæði um refsingar er, að því er virðisaukaskatt varðar, að finna í 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Til þess ákvæðis er ekki vísað í nefndu nýmæli um heimild til kyrrsetningar. Með hliðsjón af þeim lögskýringarsjónarmiðum sem vísað er til í hinum kærða úrskurði verður ekki fallist á með sóknaraðila að almenn tilvísun í 5. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988 til laga nr. 90/2003 dugi til að veita lagaheimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota gegn lögum nr. 50/1988. Leiðir þetta þegar til þess að hinn kærði úrskurður verður staðfestur.

Á grundvelli þessarar túlkunar var Tollstjóra ekki heimilt að krefjast kyrrsetningar á eignum viðkomandi einstaklings vegna meintrar skuldar félags, sem aðilinn hafði verið í forsvari fyrir sem stjórnarformaður um tíma. Er dómurinn í samræmi við skýrt orðalag ákvæðisins.

Úrskurður Héraðsdóms vegna máls nr. S-1957/2008 um Ne bis in idem

Þann 1. júní 2010 féll úrskurður í máli þar sem fjallað var um hvort verið væri að ákæra fyrir sömu brot og áður hafði verið refsað fyrir. Málið snerist um skattalagabrot og eftir atvikum hegningarlagaabrot, en sum þeirra brota sem ákært var fyrir höfðu verið leyst með sekt hjá skattyfirvöldum eftir úrskurð yfirskattanefndar. Dómurinn hafði áður úrskurðað um frávisunarkröfu verjanda en tók þetta mál upp aftur af sjálfsdáðum vegna upplýsinga um niðurstöðu dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu Zolotukhin gegn sambandsríkinu Rússlandi. Sá dómur fjallaði um túlkun á 4. gr. 7. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem hefur lagagildi á Íslandi. Í dómnum, er skilgreint að nýju hvað felist í því að hafa „þegar“ (already/déjà) verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir „brot“ (offence/infraction) í skilningi 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmálann eða með öðrum orðum hvenær um „sama (idem) brot“ væri að ræða.

Ákvæðið sem vísað er til er eftirfarandi: „Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.“

Við skoðun ákvæðisins koma fjögur atriði til athugunar. Í fyrsta lagi hvort fyrri úrlausn teljist vera sakfelling eða refsing í merkingu 4. gr. 7. samningsviðauka MSE. Í öðru lagi beri að taka mið af því hvort fyrri úrlausn svo sem með tilliti til álags, sé endanleg í skilningi ákvæðisins. Í þriðja lagi þarf að líta til þess hvort um nýja málsmeðferð er að ræða eða nýja refsingu og í fjórða lagi þarf að taka tillit til þess hvort nýja málsmeðferðin lúti að „sama broti.“

Ekki lagaheimild fyrir
kyrrsetningu vegna
virðisaukaskattskuldar

Staðfest túlkun á Ne bis
in idem hjá Héraðsdómi

Eftir ítarlegar vangaveltur kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að í nokkrum tilvikum sé ákært fyrir sama brot, en slíkt fer í bága við bann við því að menn séu sóttir til saka oftast en einu sinni fyrir sama brot. Vert er að minnast á að verndarákvæðið nær einungis til einstaklinga skv. ákvæðum mannréttindasáttmálans og því eiga lögaðilar ekki undir það. Um þetta segir héraðsdómur: „Í því efni sé þess að gæta að megintilgangur mannréttindasáttmála Evrópu sé sá að vernda mannréttindi einstaklinga. Af því leiði að túlkun, sem leiði til þess að réttarverndin nái einungis til lögaðilans en ekki þess einstaklings, sem hafi raunverulega þurft að þola málsmeðferðina á báðum stigum, sé í andstöðu við verndartilgang mannréttindasáttmálans.“

Dómurinn vísaði frá þeim ákæruálagum sem lutu að eigin framtölum einstaklinga á grundvelli ne bis in idem þar sem þau höfðu sætt álagi. Einnig var vísað frá málum lögaðila á sama grundvelli. Hins vegar sátu eftir mál fyrirsvarsmanna tilgreindra lögaðila og var því ekki vísað frá brotum fyrirsvarsmanna vegna starfa þeirra fyrir tilgreind félög.

Er þetta annar dómurinn sem vísar frá máli á þessum forsendum, en áður hafði Héraðsdómur Vestfjarðar vísað frá máli á sambærilegum forsendum í málinu S-17/2009, sem greint var frá í 2. tbl. Punktisins í maí s.l. Beðið er niðurstöðu Hæstaréttar.

Ný lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi

Með lögum nr. 99/2010 frá 29. júní s.l. var samþykkt á Alþingi að veita tímabundnar ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Byggir þetta á heimild sem er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 880/2008 um flokka sem samrýmast aðstoð á sameiginlega markaðnum og flokkast undir hópundanþágur. Þessi lög eru tímabundin, sem gilda út árið 2013. Þær tímabundnu undanþágur sem kunna að hafa verið veittar fyrir árslok 2013 munu halda gildi sínu út undanþágutímann þótt hann fari fram yfir 31. desember 2013.

Markmið laganna er að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, auka samkeppnishæfni Íslands og efla byggðapróun í landinu. Lögin taka ekki til fjárfestinga sem veita þjónustu á grundvelli fjármálafyrirtækja, váttryggingarstarfsemi eða verðbréfavíðskipti.

Nokkur ströng skilyrði eru sett fyrir veitingu ívilnana, en þar má helst nefna að stofna þurfi sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið, að greinagóðar upplýsingar liggja fyrir um verkefnið ásamt því hverjir standa að því. Þá er skilyrt að verkefnið sé ekki hafið áður en ívilnun er veitt, því sýna þarf fram á að ívilnunin sé forsenda þess að verkefnið gangi upp. Hér er því ekki átt við mjög lítil verkefni heldur þarf verkefnið að geta skapað a.m.k. 20 ársverk og árleg velta fari ekki undir 300 milljónum króna. Að minnsta kosti 65% af fjárfestingakostnaði þarf að vera fé sem ekki er fengið hjá opinberum aðilum og þar af verður a.m.k. 20% fjárins að vera eigið fé fjárfestanna. Þá er gert ráð fyrir að rekstur sé a.m.k. til 10 ára.

Til að tryggja að fjárfestingin fari í það verkefni sem sótt er um aðstoð fyrir, verður eftirlit m.a. í því að árlega þarf hvert félag sem fær ívilnun að skila skýrslu til ráðuneytisins. Ef fé sem notað er sem stuðningur er ekki nýtt í verkefnið þarf fyrirtækið að endurgreiða allan stuðning til baka.

Þá er með þessum lögum áður nefnd reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 880/2008 frá 6. ágúst 2008 tekin upp sem fylgiskjal með lögnum og er því orðin réttarheimild á Íslandi.

Lög nr. 68/2010 um minnihlutavernd - breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög

Þann 10. júní s.l. voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, sem varða minnihlutavernd hluthafa í félögum.

Þetta er afrakstur af skýrslu sem unnin var fyrir Efnahags- og viðskiptaráðuneytið og birt var á haustdögum 2009. Þá er með lögum þessum tekin upp nýleg EES tilmæli sem og að litið er til tveggja dóma Hæstatréttar nr. 228/2009 (Glitnir) og 350/2009 (Straumur–Burðarás), en í báðum þessum dómum var tekist á um vernd minni hluthafa.

Ívilnanir fyrir nýsköpun,
beinn fjárstyrkur eða
skattaívilnanir

Aukin minnihlutavernd
fyrir hluthafa

Með þessum lögum getur hluthafi krafist dóms fyrir því að félagið innleysi hlut hans í félaginu ef veigamikil rök standa til þess að honum verði gert kleift að losna úr félaginu vegna einhverra þeirra þriggja tilvika sem nefnd eru í 1.–3. tölul., sem koma fram í nýjum greinum, 26. a í hlutafélagalögum, sbr. 18. a. í einkahlutafélagalögum, en þar er víkið að brotið sé gegn ákvæðum 76. gr. og 95. gr. hlutafélagalaga, sbr. 51. gr. og 70. gr. einkahlutafélagalaga um öflun ótilhlýðilegra hagsmuna, að hluthafi misbeiti valdi sínu eða að djúpstæður og langvarandi ágreiningur sé til staðar milli hluthafans og annarra hluthafa. Við 3. mgr. 55. gr. hlutafélagalaganna bætist við ákvæði sem segir að miða skuli við síðasta skráða dagslokagengi, þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þetta ákvæði er beint afsprengi Hæstaréttardóms nr. 228/2009 þar sem Vilhjálmur Bjarnason stefndi stjórn Glitnis banka vegna starfslokasamnings Bjarna Ármannssonar. Þar var tekist á um verðmat bréfanna sem keypt voru af Bjarna.

Ein þeirra breytinga sem vert er að tiltaka hér er að orðið „bersýnilega“ er tekið út úr 76. gr. og 95. gr. hlutafélagalaga, sbr. 51. gr. og 70. gr. einkahlutafélagalaganna. Í umræðu um þessar lagagreinar hefur þetta orð oft verið talið of matskennt, sem og að með því að taka það út þringir það heimildir stjórnar og hluthafa til að afla ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa, þar sem það þarf ekki lengur að vera bersýnilegt.

Ný reglugerð nr. 592/2010 um meðferð og skiptingu óbeins kostnaðar við ákvörðun á skattfrádrætti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna nýsköpunarfyrirtækja

Þann 2. júlí 2010 gaf fjármálaráðherra út nýja reglugerð sem ætlað er að styðja enn frekar við nýsköpunarfyrirtæki. Allir sem hafa hlotið staðfestingu Rannís á grundvelli laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki eiga rétt á sérstökum skattfrádrætti. Skattfrádrátturinn er ákvarðaður miðað við útlagðan kostnað vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Slíkur kostnaður verður í öllum tilvikum að uppfylla ákvæði 1. töluliðar, 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga um rekstrarkostnað sem til fellur á árinu. Heimilt er að miða við bæði beinan og óbeinan kostnað.

Með beinum kostnaðir er átt við þegar fyrirtæki hefur fengið staðfestingu Rannís og er í rannsóknar eða þróunarvinnu. Óbeinn kostnaður getur verið margvíslegur svo sem vegna launa, en almennt er miðað við skilgreininguna um óbeinan kostnað sá kostnaður sem ekki fellur til vegna rannsóknar eða þróunarvinnu, heldur er afleiddur vegna beins kostnaðar.

Ný lög nr. 104/2010 um breytingu á tekjuskattslögum nr. 90/2003 um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda

Með nýjum lögum, sem þegar hafa tekið gildi, um breytingu á tekjuskattslögum, kom inn nýtt ákvæði til bráðabirgða um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda hjá móttakanda eftirgjafarinnar, annars vegar hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri og hins vegar hjá einstaklingum. Ákvæðin eru tímabundin og ná til tekjuáranna 2009, 2010 og 2011.

Aðilar sem stunda atvinnurekstur

Samkvæmt lögum um tekjuskatt hafa aðilar sem stunda atvinnurekstur fram til þessa í öllum tilvikum borið að telja til skattskyldra tekna eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri. Hin tímabundna breyting felst í því að tímabundið verður, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, heimilt að telja einungis ákveðinn hluta þeirrar fjárhæðar sem gefin er eftir til skattskyldra tekna. Skilyrði er að til skuldanna hafi verið stofnað í beinum tengslum við atvinnureksturinn. Gert er ráð fyrir að rekstrartap ársins og yfirfært tap vegna fyrri ára verði alltaf jafnað fyrst á móti tekjufærslu áður en fjárhæð skattskyldrar eftirgjafar er ákvörðuð í samræmi við framangreint bráðabirgðarákvæði. Nýti skattaðili heimild til að dreifa tekjufærslu skal sú ákvörðun tekin á því ári sem skuld er gefin eftir. Umræddar heimildir gilda þó ekki þegar um er að ræða eftirgjöf skuldar milli móður- og dótturfélaga vegna hættu á misnotkun ákvæðisins.



Aukinn skattfrádráttur
fyrir nýsköpunarfyrirtæki



Takmörkun á skattlagningu
eftirgjafar skulda

Einstaklingar

Með bráðabirgðarákvæðunum er í stað fullrar tekjufærslu á eftirgjöf veðskulda einstaklinga og skulda vegna bílasamninga einstaklinga heimilt að telja ekki til tekna allt að samtals 15 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 30 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum vegna greiðsluferfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011. Ákvæðin eiga ekki við um eftirgjöf á upprunalegum höfuðstól að teknu tilliti til afborgana. Skilyrði er að um sé að ræða skuld sem ekki tengist atvinnurekstri.

Einnig skapast ekki skattskylda hafi eftirgjöf orðið til við almenna nauðasamninga, nauðasamninga til greiðsluáðlögunar eða í sérstökum tilvikum að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem er að finna í reglugerð nr. 534/2009. Þá er gert að skilyrði að aflahæfi sé verulega skert. Þannig kemur almennt ekki til skattlagningar þótt skuldir manna séu gefnar eftir ef þeir eru eignalausir eða eignir yfirveðsettar, aflahæfi þeirra er skert. Er slíkt metið samkvæmt hlutlægu mati.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum:

**Vala Valtýsdóttir**

Yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs

Sími: 580-3036

vala.valtysdottir@deloitte.is

Ábyrgðaraðili:Vala Valtýsdóttir,
yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte**Ritstjóri:**Pétur Steinn Guðmundsson,
lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte